Nr. 33.
18.
desbr.

# Lög

um

stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Land það, er reisa má á verzlunarhús á Eskifirði, skal stækkað um svæðið milli Snæhvammslæks og Garðhúslæks, frá hinni núverandi verzlunarlóð 100 faðma á land upp, og um ströndina frá hinni núverandi verzlunarlóð út að svo kallaðri Mjóeyri, 70 faðma á land upp frá stórstraums-flóðmáli.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 18. desember 1897.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*Rump.*

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 33.
18de
Decbr.

om

## Udvidelse af Handelsstedet paa Eskefjord.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

Den til Handelsanlæg paa Eskefjord bestemte Grund forøges med Strækningen mellem Snæhvammslækur og Gardhuslækur fra den nuværende Handelsgrund 100 Favne ind i Landet og med Kyststrækningen fra den nuværende Handelsgrund ud til den saakaldte Mjoeyri i en Bredde af 70 Favne fra Søen ved Springflodtid.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 18de December 1897.**

---

**Ministeriet for Island, den 18de December 1897.**

*Rump.*

*Ólafur Halldórsson.*